

RNSA



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

YFIRLIT ÁRSINS 2019

SJÓATVIK

YFIRLIT ÁRSINS 2019



SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögnum var starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsóknir samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa, sbr. 1. gr. laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2019	5
Skráð atvik 2009 - 2019	5
VETTANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2019	7
BANASLYS	7
SLYS Á FÓLKI	7
Aðgerð skips við slys á fólki	8
Tegund slysa á fólki	8
Meðalaldur slasaðra.....	9
Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum	9
Stöðugildi slasaðra	9
SKIP – TEGUND ATVIKA	10
Skip sökkva / hvolfa.....	10
Skip stranda / taka niðri	10
Árekstur skipa / ásiglingar	10
Eldur um borð.....	10
Skip vélarvana.....	10
Leki.....	11
Tillögur í öryggisátt	12
Sérstakar ábendingar.....	12
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2019	14
AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2009 – 2019	15
Erlent starf 2009	16
The European Maritime Safety Agency (EMSA)	16
PCF9 fundur EMSA	16
Námskeið hjá EMSA	16
MAIIF – Alþjóðasamtök.....	16
EMAIF - Evrópusamtök.....	16
The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)	17
Skráning Íslands í EMCIP	17
Flokkun atvika úr EMCIP.....	18
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2019	19

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Nefndarmenn í RNSA-sjóatvik voru á árinu 2019: Geirþrúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason nefndarmaður og varaformaður, Hilmar Snorrason nefndarmaður, Pálmi Jónsson varanefndarmaður og Hjörtur Emilsson varanefndarmaður.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóslys, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA

RNSA



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA – ÖRYGGI

YFIRLIT ÁRSINS 2019

Skráð atvik hjá RNSA-sjóatvik voru samtals 106 á árinu en voru 157 árið á undan og 136 árið 2017. Nýjar áherslur voru gerðar á skráningum til rannsókna á vélarvana skipum og slysum á fólki á árinu sem skýrir þessa fækkun á milli ára.

Á árinu voru haldnir sex nefndarfundir auk eins sérstaks aukafundar og voru 158 lokaskýrslur afgreiddar.


Lokaskýrslur með nefndarálitum voru 73 á árinu og 85 skýrslur voru lokaafgreiddar án sérstaks álits hjá nefndinni en nokkrar með sérstökum ábendingum.

Nefndin gerði 7 tillögur í öryggisátt í fimm málum og 24 sérstakar ábendingar voru gerðar í 23 málum sem afgreidd voru. (Sjá samantekt á bls. 12-13)

Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 39 mál og þar af voru tvö frá árinu 2018. Átta mál voru ekki lokaafgreidd en voru hjá aðilum þeirra sem drög til umsagnar og tveimur málum hafði verið frestað til frekari vinnslu.

Skráð atvik 2009 - 2019

Á töflunni (Mynd 1) má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við 10 ár þ.e.a.s. frá 2009 til 2018 og meðaltal þess tímabils. Engin banaslys urðu á sjómönnum 2019 og er það þriðja árið í röð eins og sjá má á súluritinu á mynd 1. Málaskrá fyrir 2019 er í heild sinni á bls. 19 – 21.




Mynd 1 Tafla með grófri flokkun á skráðum atvikum.

Eins og fram kemur í töflunni á mynd 1 þá fækkar skráðum atvikum hjá RNSA á milli árunna 2018-2019 um 32% og er um 25% undir meðaltali árunna 2009 – 2018. Flestir málaflokkar aðrir en skráð slys á fólki, banaslys við köfun og skip stranda eru undir meðaltali árunna á undan. Eins og fram kemur þá fækkar skráðum atvikum á „Skip dregin til hafnar“ verulega eða um 40%. Þetta merkir ekki að um sé að ræða fækkun á þessum atvikum en breyttar áherslur eru nú hjá RNSA um að velja mál til rannsóknar. Ítarlegri skýringar á þessu eru á bls. 10 og 11 í skýrslunni.

Undir „Annað“ í töflunni eru skráð atvik eins og bilanir í búnaði og nærri því atvik t.d. árekstrarhætta o.s.fr.v.

Mynd 2 sýnir tölulegar breytingar á skráðum atvikum hjá RNSA milli ára 2018 – 2019.




Mynd 2 Breytingar á milli ára 2018 - 2019



VETTIVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2019

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á NV svæði eða 40, en það svæði afmarkast frá Snæfellsnesi að Siglufirði og næst flest voru á SV svæði eða 28, sem er svæðið frá Dyrhólaey að Snæfellsnesi. Á kortinu (*Mynd 3*) sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði voru 26 atvik skráð og á SA svæði voru þau 7. Í einu skráðu atviki fengust ekki upplýsingar um svæði.

Á erlendu hafsvæði voru fjögur atvik skráð. Þrjú af þeim voru slys á fólki og eitt þar sem um varhugaverða siglingu var að ræða.



Mynd 3 Svæðaskipting skráðra atvika 2019

BANASLYS

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á árinu 2019 sem er sjötta árið sem sú ánægjulega þróun á sér stað og þriðja árið í röð. Önnur ár þar sem engin banaslys urðu við landið eru 2008, 2011, 2014, 2017 og 2018.

RNSA hefur á skrá (*Mynd 1*) eitt banaslys á sjó sem varð í Eyjafirði þann 3. september 2019 en þar var um að ræða erlendan ferðamann við köfun.

SLYS Á FÓLKI


Skráð slys á fólki hjá RNSA á árinu 2019 voru 57 atvik en voru 54 atvik á árinu 2018. Í eftirfarandi töflu (*Mynd 4*) má sjá grófa skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum en af þeim voru fimm slys á fiskibátum undir 20 brúttótonnum.

Tegund skips	Fjöldi slysa
Björgunarskip	1
Ferjur og farþegaskip	7
Flutningaskip	4
Neta-, skel- og línuskip	14
Nótaveiðiskip	1
Togveiðiskip	29
Varðskip	1

Mynd 4 Slysa á fólki eftir tegundum skipa

Aðgerð skips við slysa á fólki


Á súluritinu (Mynd 5) hér að neðan sést við hvaða aðstæður slysa á fólki urðu, sem skráð voru hjá RNSA.



Mynd 5 Aðgerðir skipa við slysa á fólki

Tegund slysa á fólki

Samkvæmt grófri samantekt voru algengustu slysin fallslys af ýmsum toga eða 24 talsins. Önnur algeng slysu voru m.a. að klemmast ásamt ytri áverkum s.s. skurðum og stungum ýmiskonar. Á mynd 6 er gróf flokkun á þeim slysum sem skráð voru á árinu.




Mynd 6 Flokkun skráðra slysa á fólki

Meðalaldur slasaðra

Meðalaldur slasaðra sem skráð voru hjá RNSA var 43 ár en voru 39 ár á árinu 2018. Yngsti slasaði á árinu 2019 var 18 ára skipverji á björgunarskipi og sá elsti slasaði var 79 ára farþegi á farþegaskipi.

Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum


Á mynd 7 er hlutfallsleg skipting skráðra slysa á sjófarendum hjá RNSA en þau voru 15 á SV hluta landsins, 18 á NV hluta, 16 á NA hluta og fimm á SA hlutanum. Þrjú slys voru skráð á erlendu hafsvæði.



Mynd 7 Slysa á fólki eftir svæðum

Stöðugildi slasaðra

Eins og áður þá eru undirmenn á skipum í miklum meirihluta þeirra sem slasast í skráðum slysum á fólki. Á árinu 2019 voru þeir um 70% slasaðra. Flest slysin eru á hásetum 53% (30), yfirvélstjórum 9% (5) og farþegum á farþegaskipum 9% (5) eins og sjá má á mynd 8.



Mynd 8 Slysa á sjófarendum eftir stöðu þeirra um borð

SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni á mynd 9 má sjá skiptingu skráðra atvika á tegundir skipa. Undir liðnum „Annað“ eru t.d. reykur í vélarúmi, bilanir í búnaði, nærri því atvik o.s.fr.v.

	Ásigling	Bilun í búnaði	Eldur	Leki	Sekkur/hvolfir	Strand	Vélarvana	Annað
Dragnótarskip							2	
Farþegaskip/ferjur	1					2	2	1
Flutningaskip							1	2
Grásleppuveiðiskip			1			1	2	
Handfærabátar	1	1		2		3	1	
Línuveiðiskip		3		1		4	9	
Skelfiskiskip				1	1	1		
Skemmtibátar				1		1		
Togveiðiskip			1					
Vinnuskip-prammi					1		1	

Mynd 9 Skipting á skráðum atvikum eftir skipategundum

Skip sökva / hvolfa

Eitt skip sökk og einn vinnuprammi hvolfdi á árinu 2019. Skipið sökk á Breiðafirði en ekki liggja enn fyrir skýringar á því hvað gerðist.

Skip stranda / taka niðri

Tólf atvik voru skráð þegar skip strönduðu en voru fjórtán árið 2018. Fjögur af þessum atvikum voru sannarlega vegna þess að stjórnandi sofnaði en rannsókn sumra þessara atvika er ekki lokið. Í tveimur þessara atvika var um altjón að ræða. Frá árinu 2000 hefur nefndin verið með 43 atvik til rannsóknar þar sem stjórnendur skipa sofnuðu við stjórn og strönduðu.

Árekstur skipa / ásiglingar

Tvær ásiglingar voru skráðar á árinu en voru átta á árinu 2018. Önnur af þessum ásiglingum gerðist í höfn þegar skemmtiferðaskip sigldi á bryggju og við það varð talsvert tjón á bryggjunni. Hin varð á miðunum þegar handfærabátur var að aðstoða vélarvana bát með þeim afleiðingum að leki kom að honum.

Eldur um borð

Tvö atvik eru skráð þar sem um eld um borð var að ræða með mismunandi afleiðingum en voru níu árið 2018 og fimm árið 2017. Í báðum tilvikum var um eld að ræða í vélarúmi, annað í togskipi og hitt í grásleppuveiðibát.

Skip vélarvana

Eins og fram hefur komið þá fækkaði á árinu skráðum atvikum til rannsóknar verulega um þegar skip voru aðstoðuð og/eða dregin til hafnar af ýmsum ástæðum. Á árinu 2019 voru aðeins 18 atvik skráð en voru 54 atvik árið 2018 og 53 árið 2017. Þetta merkir því miður ekki að um fækkun hafi verið að ræða því atvik af þessum toga voru 74 á árinu (*skip undir 15 metrum*) en aðeins var tilefni til að rannsaka hluta þeirra að mati RNSA.

Á fundi nefndarinnar nr. 39 þann 24. maí 2019 var ákveðið að hætta að skrá vélarvana báta sem mál heldur aðeins að lista þá niður og birta síðan árlega einungis fjölda atvika nema tilefni væri til sérstakrar rannsóknar og hugsanlega mætti draga lærdóm af Atvikinu.

Eins og lesendur okkar hafa séð þá hafa s.l. 12 ár verið að meðaltali 45 bátar vélarvana og dregnir í land á hverju ári af ýmsum ástæðum, flestir voru þeir 66 árið 2013. Á árinu 2019 hefðu þessi atvik orðið fleiri eða 74 eins og fram hefur komið þ.e.a.s. ef þau hefðu öll fengið málanúmer.

Þessi atvik hafa að stórum hluta verið tengd minni fiskiskipum og vegna þess hefur Samgöngustofa gert aðgengilegan á vef sínum „**GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR**“ (mynd 10) sem við hvetjum sjófarendur til að skoða og tileinka sér. Gátlistinn tekur fyrir búnað bátsins, fjarskipti, neyðar- og björgunarbúnað og önnur atriði sem mikilvægt er að skoða fyrir brottför.

1

GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR



Með góðu viðhaldi báts og búnaðar og reglulegri yfirferð á þeim atriðum sem eru á listanum hér fyrir neðan, er á auðveldan hátt hægt að auka öryggi sjófarenda og auka líkur á ánægjulegri sjóferð.

BÚNAÐUR BÁTSINS

- Athugið hvort gróður hafi myndast í tönkum en það getur orsakað stöflu í oliukerfum og síum (Gerist stundum eftir langt stopp).
- Hreinsað eldsneytisoliukerfi, oliugeyma, lagnir og slur sérstaklega vel eftir langa legu báts.
- Athugið hvort olíumælur sjíni rétt eldsneytismagn. Verið viss um að hægt sé að mæla/þæla (handvirk) magn eldsneytis ef mælir er bilaður.
- Athugið ástand rafgeyma. Ef vafi er á ástandi þeirra skuluð þið biðja skóðunarmann um að álagsprófa geymana.
- Athugið hvort lensdælur og lagnir frá þeim séu í lagi. Hvort slur séu hreinar og að það sé gott aðgengi að þeim. (Eskilegt er að hafa færanlega handdeilu til taks.)
- Hafið til vara olíu- og vatnsslur ásamt verkfærum til að skipta um þær.
- Hafið til vara reimar og verkfæri til að skipta um þær.
- Hafið varabirgdir af smurolíu.
- Gætið þess að landfestar og dráttartóg séu í góðu ásigkomulagi.
- Gætið þess að ankeri séu til taks, aðgengileg og tilbúin til notkunar.
- Verið viss um að stýri og neyðarstýri séu í lagi.
- Verið viss um að siglingaljós séu í lagi.

FJARSKIPTI

- Tryggið að öll fjarskiptatæki séu í lagi. Verið viss um að loftnet fyrir talstöð AIS og síma séu í lagi.
- Athugið að AIS tækið sendi réttar upplýsingar um auðkenni báts og nafn. Gæta þarf þess að ef nafni og auðkenni báts hefur verið breytt að það sé uppfært í AIS.

Framhald á næstu síðu

Samgöngustofa Siglingaráð

04.2019

2

ÁÐUR EN LAGT ER AF STAÐ Á STRANDVEIÐAR

GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR

Framhald af síðu 1

NEYÐAR- OG BJÖRGUNARBÚNAÐUR

- Athugið að losunarbúnaður björgunarbáta sé í góðu lagi.
- Hafið björgunarbúninga og –vesti aðgengileg.
- Hafið handslókkvittæki aðgengileg og betra er að hafa þau fleiri en færri um borð.
- Passið að neyðarútgangar séu hindrunarlausir og greiðfærir.
- Athugið að neyðarstigi sé í lagi.
- Gætið þess að sjúkrakassi sé yfirfarinn og í lagi.
- Athugið að neyðarblýs og flugeldar séu um borð. Gætið þess að þau séu ekki útrunnin og geymið þau á viðeigandi hátt.
- Athugið að neyðarsendar séu í lagi.
- Hafið vasaljós tiltæk, gerið athugasemdir á virkni þeirra og hafið aukarafhljóður.
- Hafið aukafatnað – í vatnsheldum umbúðum.
- Hafið sjónauka um borð í bátinum.

FYRIR BROTTFÖR

- Áður en lagt er af stað skal farið vandlega yfir framangreind atriði.
- Athugið að lögskráning sé samkvæmt reglum, trygging sé gild fyrir áhefn og að réttindi og tryggingþekking skipverja sé í lagi.
- Athugið veðurspá.
- Verið vel úthvíð fyrir brottför.
- Verið þess fullviss að þekking á stjórnbúnaði báts og stöðugleika sé til staðar.
- Gangið úr skugga um að næg eldsneytisolia sé um borð í bátinum.
- Tryggið að allur sjóbúnaður sé í lagi.
- Kveikið á AIS tæki fyrir brottför.
- Tilkynnið brottför til strandstöðvar á rás VHF 09.
- Munið að stilla talstöð á VHF 16 til að uppfylla skyldu um hlustvörslu. Hægt er að nota Dual Watch (DW) til þess.
- Klæðist „fleytibúnað“ við vinnu á þilfari
- Hafið uppfært sjókort (í plasti/plastað) af svæðinu sem veiðar eru stundaðar á.

Samgöngustofa Siglingaráð

04.2019

Mynd 10 Gátlisti fyrir strandveiðar.

Af þessum 54 atvikum sem ekki fengu sérstakt málanúmer voru m.a. 29 atvik þar sem um ýmsar vélarbilanir var að ræða og 7 atvik þar sem einhverjar bilanir urðu í stýrisbúnaði.

RNSA hvetur útgerðar- og skipstjórnarmenn að tilkynna atvik sem að þeirra mati eru þess eðlis að rétt sé að rannsaka þau.

Leki

Skráð atvik um leka um borð í skipum voru fimm á árinu og er það í samræmi við meðaltal árána 2009-2018.

Tillögur í öryggisátt

Eins og fram hefur komið þá gerði nefndin sex tillögur í öryggisátt í fjórum málum nr. 17-135 S 103, 18-162 S 108, 18-191 S 132 og 19-099 S 062.

Tillögurnar voru eftirfarandi:

- Nefndin leggur til að Mannvirkjastofnun geri sérstakar verklagsreglur um aðkomu og framkvæmd slökkviliða á slökkvistörfum við eldsvoða í skipum ásamt faglegu mati á því hvernig til tókst.
- Nefndin leggur til við ráðuneyti samgöngumála að regluverk um smíði, breytingar og eftirlit með trefjaplastbátum verði endurskoðað.
- Nefndin telur nauðsynlegt að sett séu inn eftirlitsákvæði um stigabúnað í skoðunarhandbók Samgöngustofu fyrir eftirlitsaðila skipa.
- Gert verði sérstakt kynningarátak fyrir útgerðir um gerð og framkvæmd áhættumats samkvæmt reglugerð.
- Að skoðunarstofur verði upplýstar um ákvæði reglugerðar nr. 200/2007.
- Að fært verði inn í skoðunarskýrslur upplýsingar um úttektir á framkvæmd áhættumats við árlegar skoðanir á skipum.

Afgreiðslur á þessum tillögum RNSA frá viðeigandi aðilum eru allar komnar á netið.

Sérstakar ábendingar

Nefndin gerði 24 sérstakar almennar ábendingar í 23 málum sem afgreidd voru með eða án nefndarálits. Nokkrar ábendingar voru þær sömu og áttu við í sambærilegum málum.

Ábendingarnar voru eftirfarandi:

- Að slökkvilið, sem vinnur slökkvistarf í skipi, tryggi góða brunavöktun og ekki síst formlegri afhendingu brunastaðar til viðeigandi aðila þegar vettvangur er talinn öruggur.
- Að mikilvægt er að hugað sé að velferð og þörfum áhafnar í kjölfar atviks sem þessa.
- Nefndin ítrekar að ekki eru öll rafræn siglingakort viðurkennd sem öruggur siglingabúnaður.
- Nefndin beinir því til hafnaryfirvalda að settar verði reglur um að hafnsögumenn noti ekki farsíma meðan þeir eru við leiðsögn skipa.
- Í ljósi þess mikla brunahraða sem verður þegar eldur hefur komið upp í plastfiskibátum gefst bátsverjum oft afar naumur tími til að komast frá borði. Hvetur nefndin því sjómenn smábáta að skoða vandlega staðsetningu björgunarbúninga þannig að unnt sé að ná til þeirra án þess að þurfa að fara niður í káetur bátanna.
- Nefndin ítrekar mikilvægi þess að skipstjórnarmenn séu nægilega hvíldir til að geta haldið árvekni sinni í lagi og minnir á ákvæði sjómannalaga um 14 klst. hámarksvinnutíma á sólarhring.
- Nefndin ítrekar mikilvægi þess að ekki sé haldið á sjó án björgunarvesta.
- Nefndin vekur sérstaka athygli á þeirri ráðstöfun sem hinn slasaði tók upp í kjölfar slyssins að nota hlífðargleraugu við vinnu sína við línuspilið. Er það skoðun nefndarinnar að auka þurfi verulega notkun hlífðargleraugna í ljósi fjölda augnslysa sem orðið hafa meðal sjómanna.
- Við töku veiðafæris þurfa skipverjar að gæta þess að vera ekki með hendur á veiðarfærinu og þá er varkárni mikilvæg ef einhver hluti veiðarfæris er óklár.

- Mikilvægt er að þegar áhafnir taka við nýjum skipum að framkvæmt sé áhættumat og að skipverjar gæti ítrustu varkárni meðan þeir kynnast nýjum skipum. Það hefði átt að vera ljóst að þegar beita þurfti verkfærum við að losa sleppikrókinn að það væri slyshætta á ferð.
- Nefndin minnir á að í 12. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir:

Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Samgöngustofa skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.

- Nefndin vekur athygli á mikilvægi þess að hafa góða loftræstingu í rýmum þar sem gas er notað.
- Nefndin vekur athygli á því að mikilvægt sé þegar upp koma óeðlilegar aðstæður að skipverjar gæti að sér og rasi ekki um ráð fram.
- Nefndin leggur til að hafnaryfirvöld skoði mögulegar öryggisráðstafanir til að forða atvikum sem þessum.
- Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar skipverja.
- Nefndin bendir á að mikilvægt sé að síur í austurkerfum séu hreinsaðar reglulega þannig að kerfin séu nothæf á neyðarstundu.
- Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.
- Nefndin hvetur stjórnendur farþega- og hvalaskoðunarskipa að kynna sér vel umferð innan hafnarinnar og taka tillit til hennar áður en farið er af stað eða við komur til að tryggja öryggi skipsins.
- Nefndin hefur ítrekað hvatt útgerðarmenn og skipstjóra til að framkvæma áhættumat um borð í skipum sínum í samræmi við reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.




SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2019

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2019 voru samtals 172. Skráð slys á sjómönnum og rannsókuð hjá RNSA á árinu voru 57 atvik eða um 26% sem er nálægt meðaltali frá árinu 2000.


RNSA skoðaði öll þessi 172 slys og samkvæmt mati var ekki talið tilefni til frekari rannsóknar á flestum þeirra þ.e.a.s. 115 atvikum en þau voru skráð.

Á súluritinu á mynd 11 er fjöldi tilkynninga til SÍ og rannsóknir hjá RNSA á árunum 2009-2019.



Mynd 11 Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands


Af 172 tilkynningum til SÍ voru 59 slys sem gerðust á árinu 2018 og þ.a.l. 113 slys sem gerðust á árinu 2019. RNSA gerði grófa samantekt á tegundum þessara slysa eins og sjá má á mynd 12.



Mynd 12 Gróf flokkun á tegundum tilkynntra slysa til SÍ 2019

AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2009 – 2019

RNSA hefur á undanförunum árum flokkað hvaðan upplýsingar koma varðandi þau atvik sem skráð eru og tekin til umfjöllunar hjá nefndinni. Á súluritinu í mynd 13 sést hvernig þróunin hefur verið á árunum frá 2009.



Mynd 13 Upplýsingar um atvik

Á árinu 2019 voru tilkynningar til RNSA um 36% frá Neyðarlínu o.fl., um 27% frá Vaktstöð siglinga, um 23% frá skipstjórum/útgerðum, um 8% frá lögregluembættum landsins og um 6% úr fjölmíðlum.

RNSA hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til nefndarinnar. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.



Erlent starf 2009

The European Maritime Safety Agency (EMSA)

The European Maritime Safety Agency (EMSA) er sameiginleg Siglingastofnun Evrópu og því ein stofnana Evrópusambandsins (ESB). EMSA veitir tæknilega aðstoð og stuðning við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkja þess við þróun og framkvæmd ESB löggjafar um öryggi til sjós, mengun skipa og siglingavernd.

PCF9 fundur EMSA

Farið var árlegan PCF9 (Permanent Cooperation Framework) fund dagana 12. – 13. júní sem var í boði og skipulagt af EMSA í Lissabon. Markmiðið með PCF er að bjóða upp á rekstrarvettvang sem gerir rannsóknaraðilum aðildarríkjanna kleift að vinna saman eins og vísað er til í 10. gr. tilskipunar 2009/18/EB.

Námskeið hjá EMSA

Starfsmaður fór dagana 25. - 29. nóvember á námskeið um ýmis mikilvæg atriði varðandi rannsóknir sjóslysa (*Advanced Course Skills for Accident Investigators*) sem var í boði og skipulagt af EMSA í Lissabon.

MAIIF – Alþjóðasamtök

MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: www.maiif.org

Farið var á árlega ráðstefnu hjá samtökunum **MAIIF 28** (*Marine Accident Investigators International Forum*) sem haldin var í Napólí á Ítalíu dagana 13. – 19. október 2019. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsóknir á sjóslysum.



**Marine Accident
Investigators'
International Forum**

EMAIF - Evrópusamtök

EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.

Á árinu var einnig sóttur árlegur fundur **EMAIF 15** (*European Marine Accident Investigators International Forum*) sem haldinn var í Ljubljana í Slóveníu daganna 15. – 16. maí 2019. Fundurinn var í boði Slovenian Marine Accident and Incident Investigation Service.




The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)

The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP) er sameiginlegur gagnagrunnur Evrópuríkja um atvik á sjó og er rekinn af EMSA. Markmiðið með EMCIP er að skila ávinningi bæði á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi með því að:

- Auka öryggisrannsóknir.
- Breikka og dýpka greiningu á niðurstöðum rannsókna á slysum.
- Veita upplýsingar til almennrar áhættugreiningar og koma í veg fyrir slys.

Skráning Íslands í EMCIP

Samgöngustofa hefur skráð íslensk sjóatvik í EMCIP frá því í september 2018. Í september 2019 hafði verið skráð í EMCIP stór hluti skráðra sjóatvika hjá RNSA frá árinu 2012 eða samtals um 840 atvik (sjá mynd 14).




Mynd 14 Skráð atvik í gagnagrunn EMCIP í september 2019

Hægt er að skoða og fræðast meira um EMCIP á slóðinni: <http://www.emsa.europa.eu/emcip.html>


Flokkun atvika úr EMCIP

Eins og sjá má á efirfarandi myndum er hægt með myndrænum hætti að sækja mismunandi tegundir skráðra atvika á þessu tímabili. Á mynd 15 má sjá strandstaði en í hverjum bláa hring eru þær tölur sem tilheyra viðkomandi svæði. Talan er t.d. átta við Reykjavík og Stykkishólm.



Mynd 15 Strandstaðir

Á mynd 16 sést þar sem ýmsir björgunaraðilar, aðallega Landsbjörg, hafa dregið báta í land af ýmsum ástæðum. Sem dæmi er 25 atvik skráð við Reykjavík og 12 við Ritur á Vestfjarðamiðum.



Mynd 16 Landsbjörg dregið báta í land

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2019

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 106 árið 2019 en þar af gerðust 16 þeirra á árinu 2018 og eitt 2017. Öll atvik sem berast RNSA eru skráð, flokkuð og hægt að sjá þau á vef nefndarinnar.

www.rnsa.is

Eftirfarandi tafla sýnir öll mál RNSA - sjóslys sem voru skráð á árinu 2019 og er þeim raðað eftir dagsetningu viðkomandi atviks. Um er að ræða grófa flokkun á atvikum því t.d. í þeim tilfellum þegar merkt er að skip sé vélarvana er það ekki aðeins vegna bilunar í vélbúnaði.

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
7.sep.17	Þinganes ÁR 25	Slys á fólki	262	Skelfiskskip
10.sep.18	Örfirisey RE 4	Slys á fólki	1845	Togveiðiskip
30.sep.18	Ísleifur VE 63	Slys á fólki	2000	Togveiðiskip
1.okt.18	Þórsnes SH 109	Slys á fólki	880	Línuveiðiskip
3.okt.18	Von GK 113	Slys á fólki	14,96	Línuveiðiskip
16.okt.18	Viðey RE 50	Slys á fólki	1827	Togveiðiskip
19.okt.18	Fróði II ÁR 38	Slys á fólki	356	Togveiðiskip
1.nóv.18	Dettifoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
5.nóv.18	Jón Kjartansson SU 111	Slys á fólki	2424	Nótaveiðiskip
13.nóv.18	Kleifaberg RE 70	Slys á fólki	1190	Togveiðiskip
19.nóv.18	Börkur NK 122	Slys á fólki	3588	Togveiðiskip
23.nóv.18	Sandfell SU 75	Slys á fólki	29,63	Línuveiðiskip
26.nóv.18	Sólberg ÓF 1	Slys á fólki	3719	Togveiðiskip
3.des.18	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Togveiðiskip
19.des.18	Blængur NK 125	Slys á fólki	1723	Togveiðiskip
24.des.18	Dettifoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
28.des.18	Beta GK 36	Vélarvana	15	Línuveiðiskip
9.jan.19	Páll Jónsson GK 7	Slys á fólki	402	Línuveiðiskip
14.jan.19	Helgafell	Vélarvana	8830	Flutningaskip
17.jan.19	Arnar HU 1	Slys á fólki	1854	Togveiðiskip
19.jan.19	Örfirisey RE 4	Slys á fólki	1845	Togveiðiskip
20.jan.19	Kristín GK 457	Vélarvana	401	Línuveiðiskip
21.jan.19	Hrafn GK 111	Slys á fólki	601	Línuveiðiskip
25.jan.19	Lubbi VE 27	Leki um borð	6,2	Skemmtibátur
26.jan.19	Vigri RE 71	Slys á fólki	2157	Togveiðiskip
27.jan.19	Helga Sigmars NS 6	Vélarvana	5,67	Línuveiðiskip
2.feb.19	Týr	Slys á fólki	1271	Varðskip
4.feb.19	Petra ÓF 88	Slys á fólki	9,18	Línuveiðiskip
16.feb.19	Elli P SU 206	Bilun í búnaði	14,91	Línuveiðiskip
16.feb.19	Stakkhamar SH 220	Vélarvana	29,69	Línuveiðiskip
6.mar.19	Margrét EA 710	Slys á fólki	2060	Togveiðiskip

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
6.mar.19	Brynjólfur VE 3	Slys á fólki	531	Togveiðiskip
12.mar.19	Málmey SK 1	Slys á fólki	1470	Togveiðiskip
13.mar.19	Elín BA 58	Bilun í búnaði	11,56	Línuveiðiskip
21.mar.19	Dagur SK 17	Leki um borð	363	Skelfiskskip
23.mar.19	Bjarnarnes ÍS 75	Strandar	8,91	Farþegaskip
23.mar.19	Helgafell / Lagarfoss	Annað atvik	8830	Flutningaskip
26.mar.19	Jóhanna Gísladóttir GK 557	Slys á fólki	704	Línuveiðiskip
27.mar.19	Hrafn GK 111	Slys á fólki	601	Línuveiðiskip
1.apr.19	Frár VE 78	Slys á fólki	292	Togveiðiskip
4.apr.19	Særún	Strandar	194	Farþegaskip
6.apr.19	Elín BA 58	Vélarvana	14,98	Línuveiðiskip
8.apr.19	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Slys á fólki	1028	Togveiðiskip
15.apr.19	Æsir BA 808	Eldur í vélarúmi	14,78	Grásleppuveiðiskip
17.apr.19	Sólberg ÓF 1	Slys á fólki	3719	Togveiðiskip
20.apr.19	Freymundur ÓF 6	Fékk í skrúfuna	8,42	Grásleppuveiðiskip
27.apr.19	Páll Jónsson GK 7	Slys á fólki	402	Línuveiðiskip
1.maí.19	Hannes Þ Hafstein	Slys á fólki	40,73	Björgunarskip
1.maí.19	Jóhanna G. ÍS 56	Vélarvana	13,84	Línuveiðiskip
7.maí.19	Mars HU 41	Strandar	8,14	Grásleppuveiðiskip
7.maí.19	Guðrún BA 127	Vélarvana	9,4	Handfærabátur
7.maí.19	Skemmtibátur	Vélarvana	58,11	Brunnbátur
7.maí.19	Svanur HF 20	Fékk í skrúfuna	7,62	Grásleppuveiðiskip
11.maí.19	Kjói	Slys á fólki	11,75	Farþegaskip
11.maí.19	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
15.maí.19	Ísey ÁR 11	Slys á fólki	160	Dragnótaskip
15.maí.19	Selfoss	Slys á fólki	7464	Flutningaskip
17.maí.19	Sóley Sigurjóns GK 200	Eldur í vélarúmi	737	Togveiðiskip
17.maí.19	Sunnutindur SU 95	Strandar	14,96	Línuveiðiskip
21.maí.19	Oliver SH 248	Bilun í búnaði	7,94	Handfærabátur
27.maí.19	Einar Hálfðans ÍS 11	Vélarvana	14,95	Línuveiðiskip
28.maí.19	Amma Sigga	Slys á fólki	16,24	Farþegaskip
31.maí.19	Sólberg ÓF 1	Slys á fólki	3719	Togveiðiskip
6.jún.19	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
8.jún.19	Ocean Diamond	Ásigling	8282	Farþegaskip
9.jún.19	Fróði II ÁR 38	Slys á fólki	356	Togveiðiskip
14.jún.19	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Slys á fólki	1028	Togveiðiskip
18.jún.19	Blíða SH 277	Strandar	61	Skelfiskskip
20.jún.19	Pruma II	Vélarvana	11,41	Farþegaskip
26.jún.19	Bjarmi	Vélarvana	11,52	Farþegaskip
27.jún.19	Goðafoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
29.jún.19	Ölver ÍS 38	Slys á fólki	77	Farþegaskip
1.júl.19	Geir ÞH 150	Vélarvana	196	Dragnótaskip
4.júl.19	Örfirisey RE 4	Slys á fólki	1845	Togveiðiskip
11.júl.19	Hafdís ÍS 62	Strandar	5,85	Handfærabátur

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
11.júl.19	Guðmundur Einarsson ÍS 155	Vélarvana	14,5	Línuveiðiskip
16.júl.19	Blíðfari ÍS 5	Leki um borð	4,56	Handfærabátur
17.júl.19	Herjólfur	Slys á fólki	3270	Ferja
2.ágú.19	Tjúlla GK 29	Strandar	10,66	Makrílveiðiskip
15.ágú.19	Lagarfoss	Mengun frá skipi	10106	Flutningaskip
16.ágú.19	Baldur / Grettir	Nærri því árekstur	1677	Farþegaskip
17.ágú.19	Vera	Slys á fólki	39	Farþegaskip
19.ágú.19	Amma Sigga	Slys á fólki	8,22	Farþegaskip
21.ágú.19	Natalía_Guðrún	Ásigling	5,79	Handfærabátur
24.ágú.19	Sólberg ÓF 1	Slys á fólki	3719	Togveiðiskip
2.sep.19	Drangey SK 2	Slys á fólki	2081	Togveiðiskip
3.sep.19	Köfunarslys	Banaslys við köfun		
5.sep.19	Finnbjörn ÍS 68	Vélarvana	67,62	Dragnótaskip
8.sep.19	Drangey SK 2	Slys á fólki	2081	Togveiðiskip
9.sep.19	Frændi ÍS	Strandar	4,96	Skemmtibátur
10.sep.19	Digranes NS 124	Strandar	14,84	Handfærabátur
13.sep.19	Margrét GK 33	Bilun í búnaði	20,91	Línuveiðiskip
16.sep.19	Herjólfur	Slys á fólki	3270	Farþegaskip
1.okt.19	Rífsnes SH 44	Slys á fólki	776	Línuveiðiskip
2.okt.19	Steinunn / Grettir sterki	Hvolfir		Prammi
2.okt.19	Eyja NS 88	Leki um borð	5,11	Handfærabátur
7.okt.19	Þinganes ÁR 25	Slys á fólki	262	Togveiðiskip
11.okt.19	Friðrik Sigurðsson ÁR 17	Slys á fólki	271	Skelfiskskip
15.okt.19	Akurey AK 10	Slys á fólki	1827	Togveiðiskip
31.okt.19	Sólrún EA 151	Leki um borð	14,82	Línuveiðiskip
5.nóv.19	Blíða SH 277	Sekkur	61	Skelfiskskip
8.nóv.19	Guðrún GK 47	Strandar	14,9	Línuveiðiskip
13.nóv.19	Einar Guðnason ÍS 303	Strandar	21,2	Línuveiðiskip
16.nóv.19	Drangey SK 2	Slys á fólki	2080	Togveiðiskip
29.nóv.19	Lágey PH 265	Strandar	14,79	Línuveiðiskip
7.des.19	Von GK 113	Vélarvana	14,96	Línuveiðiskip



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is